

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – ágúst 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu átta mánuði ársins liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 38,9 milljarða króna innan ársins, sem er 3,3 milljörðum hagstæðari útkoma en á sama tíma 2006. Hreinn lánsfjárfnuður er neikvæður um 23,8 ma. kr. sem er 57 ma.kr lakari afkoma heldur en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu Seðlabanka Íslands með 44 milljarða króna eiginfjárframlagi í byrjun maí. Tekjur, án eignasölu, reyndust tæpum 33 milljörðum meiri en í fyrra og gjöldin hækkuðu um tæpa 29 milljarða frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – ágúst 2007 (í milljónum króna)

	2003	2004	2005	2006	2007
Innheimtar tekjur	170.668	181.033	219.294	246.109	285.096
Greidd gjöld	176.919	189.354	203.787	209.728	238.485
Tekjujöfnuður	-6.251	-8.322	15.507	36.381	46.610
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl. Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-12.059	-	-	-	-6.170
Handbært fé frá rekstri	-19.100	-6.761	16.298	35.558	38.893
Fjármunahreyfingar	17.773	7.829	11.260	-2.339	-62.660
Hreinn lánsfjárfnuður	-1.327	1.068	27.558	33.219	-23.767
Afborganir lána	-18.437	-29.593	-33.363	-32.592	-36.443
Innanlands	-6.028	-4.576	-14.015	-9.719	-22.243
Erlendis	-12.409	-25.017	-19.348	-22.873	-14.199
Greiðslur til LSR og LH	-5.000	-5.000	-2.600	-2.640	-2.640
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-24.764	-33.525	-8.406	-2.013	-62.849
Lántökur	21.828	40.177	15.832	25.247	57.515
Innanlands	20.095	16.928	11.555	17.673	54.181
Erlendis	1.733	23.249	4.277	7.574	3.334
Breyting á handbæru fé	-2.936	6.652	7.426	23.234	-5.334

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 285 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Það er 39 ma.kr aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% aukning sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 17,4%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,7% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,1% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 8,2%. Aukning annarra rekstrartekna um 33% milli ára skýrist að mestu af auknum vaxtatekjum.

Skattar á tekjur og hagnað námu 92,9 ma.kr. og jukust um rúma 17 ma.kr. frá síðasta ári, eða 22,6%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 11%, tekjuskattur lögaðila jókst um 32% og fjármagnstekjuskattur um 52%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 6,6% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,4%. Innheimta eignarskatta nam 7,3 ma.kr. og jókst um 15,4% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 5,9 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur hefur aukist um 900 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Hún nam 126,6 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og jókst um 8% að nafnvirði frá fyrra ári eða 3% umfram hækkuð

vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 10% sem jafngildir tæplega 5% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Þegar litið á 6 mánaða hreyfanlegt meðaltal kemur fram að raunbreytingin er 0,3% á milli ára og hefur ekki verið minni frá nóvember 2002. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í sköttum á olíu og þungaskatti en vörugjöld af ökutækjum drógust hins vegar mest saman eða um 8% milli ára.

Greidd gjöld nema 238,5 milljörðum króna og hækka um 28,8 milljarða milli ára, eða um 13,7%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 8,2 milljarðar eða 16,4%. Þar er aukningin mest í lífeyristryggingum 4,4 ma. kr. barnabótum 1,1, ma kr. og vaxtabótum 0,8 ma. kr. Hins vegar er hlutfallsleg aukning mest í almennri opinberri þjónustu, 23,7% eða 6,3 milljarðar. Þar munar mest um aukningu á milli ára í vaxtagjöldum um tæpa 3 ma.kr., en á þessu ári var fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 ma.kr og vextir lána vegna kaupa á Landsvirkjun 600 m.kr. Auk þessa koma til auknar greiðslur vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, tæpar 900 m.kr. Aukning útgjalda til heilbrigðismála milli ára er 5,6 milljarðar, menntamála 2,8 milljarðar og efnahags- og atvinnumála 2,7 milljarðar.

Lánsfjárförf ríkissjóðs var 62,8 milljarðar fyrstu 8 mánuði ársins, sem er 13,1 milljarði hagstæðari útkoma en áætlað var. Hrein lánsfjárförf var 23,8 milljarðar. Heildarlántökur námu 57,5 milljörðum króna og eru að langstærstum hluta teknar innanlands eða 54,2 milljarðar. Stærsta einstaka lántakan er vegna kaupa á Landsvirkjun 26,9 milljarðar. Afborganir lána eru 36,4 milljarðar, þar af eru 14,2 milljarðar greiddir upp af erlendum lánnum.

Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	200 652	230 505	258 415	18,5	14,9	12,1
Skattar á tekjur og hagnað	60 880	78 979	92 881	15,7	29,7	17,6
Tekjuskattur einstaklinga	43 108	48 151	53 429	10,4	11,7	11,0
Tekjuskattur lögaðila	7 340	15 746	16 533	10,9	114,5	5,0
Skattur á fjármagnstekjur	10 432	15 082	22 919	49,4	44,6	52,0
Eignarskattar	9 537	6 358	7 336	50,3	-33,3	15,4
Skattar á vöru og þjónustu	105 844	116 941	126 571	18,6	10,5	8,2
Virðisaukaskattur	72 534	80 676	88 825	21,1	11,2	10,1
Vörugjöld af ökutækjum	7 053	7 590	6 986	71,6	7,6	-8,0
Vörugjöld af bensíni	5 872	5 968	6 103	3,4	1,6	2,3
Skattar á olíu	3 755	4 339	4 826	-12,0	15,5	11,2
Áfengisgjald og tóbaksgjald	7 189	7 500	7 860	5,0	4,3	4,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9 441	10 869	11 971	11,9	15,1	10,1
Tollar og aðflutningsgjöld	2 105	2 546	3 403	9,2	21,0	33,7
Aðrir skattar	1 236	1 368	2 300	.	10,7	68,1
Tryggingagjöld	21 050	24 311	25 924	16,6	15,5	6,6
Fjárframlög	270	736	665	25,1	172,7	-9,6
Aðrar tekjur	18 094	14 350	19 143	57,9	-20,7	33,4
Sala eigna	277	518	6 873	-	20,0	-
Tekjur alls	219 293	246 109	285 096	21,1	12,2	15,8

Gjöld ríkissjóðs janúar – ágúst 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	39 170	26 395	32 657	-32,6	23,7
Þar af vaxtagreiðslur	15 796	7 700	10 518	-51,3	36,6
Varnarmál	...	405	380	...	-6,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	6 075	8 783	10 307	44,6	17,3
Efnahags- og atvinnumál	26 728	27 853	30 517	4,2	9,6
Umhverfisvernd	2 274	2 259	2 480	-0,7	9,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	300	268	289	-10,5	7,7
Heilbrigðismál	52 245	55 170	60 772	5,6	10,2
Menningar-, íþrótt- og trúmál	8 379	9 185	10 554	9,6	14,9
Menntamál	20 525	23 480	26 271	14,4	11,9
Almannatryggingar og velferðarmál	48 091	50 213	58 430	4,4	16,4
Óregluleg útgjöld	...	5 716	5 829	...	2,0
Gjöld alls	203 787	209 728	238 485	2,9	13,7